

---

# Fimleikadeild Fjölnis



## Fimleikafatnaður

---

### Í HVAÐA HÓP ER IÐKANDINN ?

Til þess að velja viðeigandi fimleikafatnað þá þurfa foreldrar að vita í hvaða fimleikahóp barnið stundar æfingar. Einungis er gerð krafa um að iðkendur sem stunda fimleika í keppnis- eða úrvalshópum eigi viðeigandi fatnað. Iðkendur í grunnhópum, framhaldshópum, undirbúningshópum og almennum fimleikahópum geta valið sér æfingafatnað.

### KEPPNISFATNAÐUR

Þeir iðkendur sem eru í keppnis- og úrvalshópum þurfa að fylgja ákveðnum reglum hvað varðar keppnisfatnað. Einnig er mikilvægt að vita í hvaða þrepi/flokk iðkandinn er svo að hægt sé að taka ákvarðanir hvenær það hentar að kaupa keppnisfatnað.

#### Áhaldafimleikar

**Stúlkur** í 4. - 5.þrepi þurfa að eiga Fjölnis keppnisbol og Fjölnisgalla

**Stúlkur** í 1. - 3.þrepi þurfa að eiga Fjölnis langerma-keppnisbol og samræmdan Fjölnisfatnað\*

**Drengir** í 4. - 5.þrepi þurfa að eiga Fjölnis-fimleikabol, stuttbuxur og Fjölnisgalla

**Drengir** í 1. - 3.þrepi þurfa að eiga Fjölnis-fimleikabol, buxur og samræmdan Fjölnisfatnað\*

#### Hópfimleikar

**Stúlkur** í 3 og 5.flokk þurfa að eiga Fjölnis keppnisbol, svartar leggings og Fjölnisgalla

**Stúlkur** í 1 - 2.flokk og meistaraflokk þurfa að eiga Fjölnis hópfimleikagalla, og samræmdan Fjölnisfatnað\*

**Drengir** í yngri flokk þurfa að eiga Fjölnis fimleikabol, stuttbuxur og Fjölnisgalla

\*Þegar iðkendur hafa náð ákveðnu þrepi/flokk þá notast þau ekki áfram við Fjölnisgallann. Á haustin er búið að ákveða hvernig upphitunarfatnaðurinn verður fyrir keppnistímabilið. Ávallt verður leitað eftir góðum fatnaði á sanngjörnu verði sem henta vel til æfinga og keppni. Með þessu móti nýtist þessi fatnaður ekki einungis á fimleikamótum heldur einnig á æfingum fyrir komandi tímabil.

Nánari upplýsingar eða fyrirspurnir má nálgast á skrifstofu Fjölnis.

---